Jón Hrói Finnsson

From: Hildur Stefánsdóttir <hildurst@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 1. október 2026 10:31
To: Jón Hrói Finnsson
Subject: Fwd: óe ráðleggingu

---------- Forwarded message ---------
Frá: **Gaukur Hjartarson** <gaukur@nordurthing.is>
Date: fös., 25. sep. 2026 kl. 11:11
Subject: RE: óe ráðleggingu
To: Bjarnheiður Jónsdóttir <bjarnheidur.jonsdottir@langanesbyggd.is>, Arnar Olafsson <arnar@tsnl.is>
Cc: hildurst <hildurst@gmail.com>

Sæl;

Almennt þarf ég aðeins að skilja þetta mál betur. Er ætlunin að láta þetta standa í skamman tíma? Byggingarreglugerð heimilar stöðuleyfi til allt að eins árs sem er þá einfaldari ferill en byggingarleyfi. Norðurþing hefur nú á síðustu missirum samþykkt þrjár dúkskemmur á stöðuleyfum til eins árs í senn með því „loforði“ að stöðuleyfi verið framlengt ár frá ári í einhvern tíma sé þess óskað.

Ef hinsvegar mannvirkinu er ætlað að standa í til lengri tíma er líklegast rétt að afgreiða þetta sem byggingarleyfi. Hér á Húsavík er ein dúkskemma sem þegar hefur staðið í um 20 ár á byggingarleyfi.

Byggingarleyfi er alltaf háð því að mannvirkið sé innan ramma heimilda í deiliskipulagi. Æskilegt vissulega að sama gildi um stöðuleyfi. Ég átta mig ekki á hvort gulur rammi á afstöðumynd á að afmarka útlínur dúkskemmunnar en þá er hún allavega ansi ágengt gagnvart umhverfinu svona nærri götum.

Hús á byggingarleyfi er skráð í fasteignaskrá og gjaldtekið í gegnum hefðbundna fasteignaálagningu. Mannvirki á stöðuleyfi verður væntanlega ekki skráð í fasteignaskrá og þar með þyrfti að gjaldtaka með öðrum aðferðum til að gæta sanngirni við þá sem reka húseignir á byggingarleyfum.

Byggingarleyfi felur í sér kvaðir um að sveitarfélagið yfirfari fullnægjandi burðarvirkisuppdrætti og leggi sitt mat á að viðkomandi mannvirki standist byggingarreglugerð og sé ólíklegt til að valda öðrum

óþægindum. Húsið þarf þá sannanlega að standast kröfur íslenskra staðla hvað varðar vindálag og snjóálag svo eitthvað sé nefnt. Stöðuleyfi er ekki jafnrígbundið í byggingarreglugerð hvað það varðar en það er samt sem áður ábyrgðarhluti af sveitarfélagi að heimila mannvirki sem getur fokið á næsta nágranna í „hefðbundnu“ roki.

Mbk

Gaukur

S 896 6115

From: Bjarnheiður Jónsdóttir <bjarnheidur.jonsdottir@langanesbyggd.is>
Sent: föstudagur, 25. september 2026 09:45
To: Arnar Olafsson <arnar@tsnl.is>; Gaukur Hjartarson <gaukur@nordurthing.is>
Cc: hildurst <hildurst@gmail.com>
Subject: óe ráðleggingu

Sælir

Það er verið að óska eftir að setja upp færanlegt bogabús ca 270 fm í Háholti 3.

Við erum fara að taka þetta fyrir á næsta fundi skipulags- og umhverfisnefdar .

Þarf hann byggingarleyfi og skila inn burðarþolsteikningum?

Bestu kveðjur,

Bjarnheiður Jónsdóttir
Skrifstofustjóri og staðgengill sveitarstjóra

Langanesvegur 2, 680 Þórshöfn
Sími 468 1220
www.langanesbyggd.is
Með fyrirvara um meðferð tölvupósts

Langanesbyggð